

Verklagsreglur Eftirlaunasjóðs FÍA um viðskipti stjórnarmanna og starfsmanna lífeyrissjóðsins með fjármálagerninga

Gildissvið og markmið

1. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 5. tl. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997 um skyldu-tryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

Þær taka, eftir því sem við á, til Eftirlaunasjóðs FÍA (hér eftir einnig nefndur „EFÍA“, „lífeyrissjóðurinn“ eða „sjóðurinn“), stjórnarmanna, starfsmanna og nátengdra aðila. Með stjórnarmanni er bæði átt við aðalmann í stjórn sjóðsins og varamann í stjórn sjóðsins sem hefur aðgang að gögnum.

Rekstur EFÍA er í höndum Arion banka hf. (hér eftir einnig nefndur „bankinn“ eða „rekstraraðili“) samkvæmt sérstökum rekstrarsamningi sem stjórn sjóðsins hefur gert við Arion banka hf. Framkvæmdastjóri sjóðsins er ráðinn af stjórn og er starfsmaður lífeyrissjóðsins. Verklagsreglur Arion banka hf. varðandi verðbréfavíðskipti starfsmanna skulu gilda fyrir starfsmenn bankans sem koma að ákvörðunum um eða framkvæmd viðskipta sjóðsins með fjármálagerninga. Þeir starfsmenn rekstraraðila sem starfa á eignastýringasviði, nánar tiltekið á sviði eignastýringar fagfjárfesta, koma að fjárfestingarákvörðunum fyrir lífeyrissjóðinn. Ákvarðanir um viðskipti með einstaka fjármálagerninga eru því að öllu jöfnu ekki teknar á stjórnarfundum sjóðsins.

Reglunum er ætlað að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfsemi EFÍA og jafnframt að draga úr hættu á að þeir sem reglurnar taka til tengist einstökum úrlausnarefnum með þeim hætti að fyrirfram megji draga í efa óhlutdrægni þeirra við meðferð og afgreiðslu einstakra mála. Reglunum er ætlað að tryggja vandaða starfshætti sem stuðla að trúverðugleika sjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna.

Skilgreiningar

2. gr.

Í reglum þessum merkir:

Nátengdir aðilar:

- a. maki eða sambúðarmaki
- b. börn, kjörbörn eða stjúpborn sem eru á framfæri viðkomandi
- c. lögaðili, ef stjórnarmaður, starfsmaður eða annar nátengdur aðili hefur aðkomu að fjárfestingarákvörðunum eða fer, á beinan eða óbeinan hátt, með ráðandi hlut í.

Innherjaupplýsingar:

Með innherjaupplýsingum er átt við nægjanlega tilgreindar upplýsingar sem ekki hafa verið gerðar opinberar og varða beint eða óbeint útgefendur fjármálagerninga, fjármálagerningana sjálfa eða önnur atriði og eru líklegar til að hafa marktæk áhrif á markaðsverð fjármálagerninganna ef opinberar væru. Upplýsingar teljast opinberar þegar útgefandi fjármálagerninga hefur birt almenningi á Evrópska efnahagssvæðinu þær.

Fjármálagerningar:

Með fjármálagerningi er átt við fjármálagerninga eins og þeir eru skilgreindir samkvæmt lögum um markaði fyrir fjármálagerninga nr. 115/2021 á hverjum tíma.

Meðferð innherjaupplýsinga

3. gr.

Þeim sem þessar reglur taka til og sem búa yfir eða hafa aðgang að innherjaupplýsingum er óheimilt:

1. að nota þær til að eiga viðskipti, fyrir eigin reikning eða reikning þriðja aðila, beint eða óbeint, fjármálagerninga sem upplýsingarnar varða. Notkun innherjaupplýsinga til að afturkalla eða breyta fyrirmælum í tengslum við fjármálagerning sem upplýsingarnar varða telst einnig innherjasvik ef fyrirmælin voru lögð fram áður en hlutaðeigandi aðili bjó yfir innherjaupplýsingunum;
2. að ráðleggja öðrum, á grundvelli upplýsinganna, að annar aðili eigi viðskipti með viðkomandi fjármálagerning, eða hvetja til þess að sá aðili ráðist í slík viðskipti; eða
3. að ráðleggja öðrum, á grundvelli upplýsinganna, að annar aðili afturkalli eða breyti fyrirmælum í tengslum við fjármálagerning, eða hvetur til að sá aðili ráðist í slíka afturköllun eða breytingu.
4. að miðla innherjaupplýsingum til þriðja aðila, nema miðlunin fari fram í eðlilegu sambandi við starf, stöðu eða skyldur þess sem upplýsingarnar veitir.

Markaðshegðun

4. gr.

Þeim sem þessar reglur taka til er óheimilt að taka þátt í, stuðla að eða hvetja til viðskipta með fjármálagerninga eða annarra aðgerða í því skyni að gefa ranga mynd af umfangi viðskipta með tiltekna fjármálagerninga eða hafa óeðlileg eða óhæfileg áhrif á verðmyndun í viðskiptum með fjármálagerninga.

Jafnframt er þeim óheimilt að eiga viðskipti fyrir eigin reikning með því að nýta sér í eigin þágu viðskiptakjör sem EFÍA kann að njóta hjá þriðja aðila.

Ennfremur skulu þeir ekki eiga viðskipti með einstaka fjármálagerninga á sama tíma og lífeyrissjóðurinn eða sem lífeyrissjóðurinn hyggst eiga viðskipti með fyrir eigin reikning í nánustu framtíð þegar þeir hafa vitneskju um slík viðskipti vegna starfsins. Þó er heimilt að taka þátt í almennum útboðum verðbréfa þar sem óskað er eftir tilboðum í hluti á föstu gengi eða fyrir fram ákveðnu verðbili en ekki er óskað eftir tilboðum um verð einstakra bréfa, gengi eða vaxtakjör og þeir ganga ekki fyrir sem fyrstir skrá sig.

Þagnarskylda

5. gr.

Stjórnarmenn, starfsmenn og endurskoðendur sjóðsins eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um í starfi og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls.

Þess ber ætíð að gæta að innherjaupplýsingum og upplýsingum sem þagnarskylda hvílir á sé ekki miðlað til fleiri aðila en brýna nauðsyn ber til í hverju tilviki. Stjórnarmenn, starfsmenn og endurskoðendur sjóðsins skulu hafa reglu á því hverjir hafi aðgang að innherjaupplýsingum og hvernig þeir miðla slíkum upplýsingum sín á milli. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

Hæfi

6. gr.

Stjórnarmaður er vanhæfur til að eiga aðild að ákvörðun um viðskipti sjóðsins með fjármálagerninga ef hann hefur hagsmuna að gæta, sem kynnu að fara í bága við hagsmuni sjóðsins eða gagnaðilans í viðskiptunum. Sama gildir ef um er að ræða ákvarðanir sem tengjast nátengdum aðila. Þá skal framkvæmdastjóri sjóðsins vekja athygli stjórnar lífeyrissjóðsins eigi framangreint við um hann.

Stjórnarmaður sem veit um ástæður er kunna að valda vanhæfi hans skal án tafar vekja athygli á þeim.

Tilkynningaskylda

7. gr.

Stjórnarmenn skulu tilkynna framkvæmdastjóra sjóðsins og Regluvörslu Arion banka um öll viðskipti sín og nátengdra aðila með fjármálagerninga. Framkvæmdastjóri skal tilkynna formanni stjórnar sjóðsins og regluvörslu Arion banka um öll viðskipti sín og nátengdra aðila með fjármálagerninga. Tilkynna skal um framangreind viðskipti samdægurs en þó eigi síðar en við upphaf næsta vinnudags eftir að þau voru gerð. Framkvæmdastjóri skal jafnframt tilkynna stjórn ef hann hyggst nýta kauprétt sinn í Arion banka, sem starfsmaður í hlutastarfi hjá bankanum. Tilkynna skal um viðskipti

stjórnarmanna og framkvæmdastjóra með afleiðusamninga bæði þegar þeir eru gerðir og við uppgjör. Framangreind tilkynningaskylda tekur jafnframt til viðskipta með fjármálagerninga sem gerð eru í nafni félags sem stjórnarmaður og framkvæmdastjóri eða fjölskylda þeirra eiga ráðandi hlut í.

Framangreind tilkynningarskylda tekur ekki til viðskipta sem framkvæmd eru í eignastýringu þar sem engin samskipti hafa farið fram í tengslum við viðskiptin milli viðkomandi stjórnarmanns og viðskiptastjóra.

Tilkynningarskyldan tekur jafnframt ekki til viðskipta með fjármálagerninga sem tilheyra ekki íslenskum markaði og þar sem uppgjör eða verðþróun þeirra tekur ekki mið af þeim markaði. Þá tekur tilkynningarskyldan ekki til viðskipta með hlutdeildarskírteini í verðbréfa- eða fjárfestingarsjóðum að því tilskildu að hlutaðeigandi stjórnarmaður taki ekki þátt í stjórnun viðkomandi sjóðs. Eftir atvikum getur 6. gr. reglna þessara átt við varðandi hæfi stjórnarmanns til ákvörðunartöku um viðskipti sjóðsins með slíka fjármálagerninga.

Lífeyrissjóðurinn skal halda skrá um tilkynningarskyld viðskipti samkvæmt framangreindu þar sem a.m.k. eru skráðar upplýsingar um auðkenni fjármálagernings, hvort um kaup eða sölu er að ræða, fjárhæð nafnverðs, fjárhæð viðskipta og tímasetningu viðskipta.

Rannsóknarskylda

8. gr.

Leiki vafi á því hvort fyrirhuguð viðskipti geti samrýmst ákvæðum þessara reglna eða önnur atvik séu með þeim hætti að ákvæði þessara reglna eigi við skulu þeir aðilar sem reglur þessar taka til leita álits framkvæmdastjóra eða formanns stjórnar EFÍA, eftir því sem við á, sem sker úr um slík atriði áður en viðskipti eru framkvæmd eða önnur skref stigin sem gætu brotið gegn reglunum.

Undirritun yfirlýsingar

9. gr.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri EFÍA skulu undirrita yfirlýsingu um að þeir hafi kynnt sér og nátengdum aðilum þessar reglur og skuldbindi sig til að hlíta þeim, sbr. fylgiskjal með þessum reglum.

Eftirlit

10. gr.

Formaður stjórnar og framkvæmdastjóri EFÍA skulu sjá til þess að reglurnar séu almennt á vitorði stjórnarmanna ásamt þeim sem reglurnar varða. Einnig ber ofangreindum að sjá til þess að reglurnar séu jafnan aðgengilegar fyrir þá sem undir

þær heyra. Formaður stjórnar og framkvæmdastjóri EFÍA hafa eftirlit með að reglunum sé fylgt, s.s. að tryggja að yfirlýsingar séu undirritaðar sbr. 9. gr.

Innan Arion banka hf. er starfandi regluvörður en hlutverk hans er m.a. að fylgjast með verðbréfavíðskiptum starfsmanna bankans.

Stjórn sjóðsins gerir samning við Arion banka varðandi aðgengi að upplýsingum tengt reglum þessum og upplýsingagjöf regluvarðar til stjórnar sjóðsins varðandi eftirlit af hálfu bankans með verðbréfavíðskiptum þeirra starfsmanna bankans sem koma að ákvörðunum um eða framkvæmd víðskipta sjóðsins með fjármálagerninga.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu veita Regluvörslu Arion banka umboð til að sækja árlega, hjá viðeigandi verðbréfaskráningu, yfirlit yfir verðbréfavíðskipti þeirra og nátengdra aðila. Regluvarslan fer yfir hvort að öll tilkynningarskyld víðskipti hafi verið tilkynnt og kynnir niðurstöður fyrir stjórn.

Brot á reglum

11. gr.

Brot á reglum þessum skal tafarlaust tilkynna stjórn EFÍA sem, eftir eðli brots, skal tilkynna það Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands.

Viðurlög

12. gr.

Brot á reglunum geta varðað áminningu eða uppsögn aðila er brjóta gegn þeim ásamt því að eftir því sem við verður komið gangi víðskipti sem brjóta gegn reglunum til baka. Brot á ýmsum ákvæðum reglnanna geta falið í sér brot á lögum og getur viðkomandi því sætt viðurlögum samkvæmt þeim.

Gildistaka

13. gr.

Reglur þessar taka gildi við samþykki stjórnar EFÍA og að fenginni staðfestingu Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands samkvæmt lögum.

Ofangreindar reglur eru samþykktar á stjórnarfundum EFÍA 21. mars 2012, með breytingum gerðum á stjórnarfundum þann 22. október 2014, 22. júní 2018, 24. ágúst 2022 og á stjórnarfundum þann 22. september 2025.

Öllu framangreindu til staðfestingar er skjal þetta undirritað með fullgildri rafrænni undirritun. Rafræn undirritun skjalsins er í samræmi við lög nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn víðskipti.

Stjórn EFÍA,

Sturla Ómarsson
Kjartan Jónsson
Salvör Egilsdóttir
Sigrún Hjartardóttir
Magnús Jón Magnússon